

**Fundargerð 10. fundar
Framkvæmda- og skipulagsráðs
haldinn í Ráðhúsinu í Garði,
16. apríl 2019 , kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Einar Jón Pálsson, Kristinn Halldórsson, Laufey Erlendsdóttir, Davíð Ásgeirsson, Jón Sigurðsson, Björn Ingvar Björnsson, Jón Ben Einarsson og Einar Friðrik Brynjarsson.

Fundargerð ritaði: Jón Ben Einarsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.
Reynir Þór Ragnarsson, boðaði forföll og sat Björn Ingvar Björnsson varamaður fundinn í hans stað.

1. Aðalskipulag sameinaðs sveitarfélags: Endurskoðun - 1807035

Drög að samkeppnislýsingu kynnt ásamt uppfærðri tímalínu

Ráðið samþykkir fyrirbyggjandi drög og vísar þeim til lokayfirferðar hjá dómnefnd. Jafnframt er lagt til að bæjarráð/bæjarstjórn skipi dómnefnd í samræmi við fyrirbyggjandi gögn.

2. Íbúðasvæði sunnan Sandgerðisvegar: Tillaga að deiliskipulagi 2018 - 1806454

Tillaga að útfærslu á lokaútgáfu skipulags lögð fram til umfjöllunar.

Ráðið leggur til að endanleg útfærsla deiliskipulagsins verði samkvæmt tillögu c.

3. Skálareykjavegur 12 - stækkun lóðar - 1903027

GSE óskar eftir að fá að stækka lóð fyrirtækisins við Skálareykjaveg 12. Áður á dagskrá 9. fundar ráðsins undir máli nr. 3. Skipulagsfulltrúi leggur fram frekari gögn um málið.

Samþykkt að fela skipulagsfulltrúa að heimila stækkun lóðar með þeirri kvöð að lóðarstækkun verði girt af eða mótuð með jarðvegsmön.

4. Iðngarðar 19 - umsókn um lóð - 1904054

Steinabón sækir um lóðina Iðngarða 19 til byggingar atvinnuhúsnæðis.

Samþykkt

5. Vatnsveita í Hvalsneshverfi - 1904034

Sóknarnefnd Hvalsneskirkju óskar eftir því að sveitarfélagið taki yfir umsjón vatnsveitu í Hvalsneshverfi

Ráðið felur skipulagsfulltrúa að gera tillögu að samkomulagi milli sveitarfélagsins og Hvalsnessóknar um að taka yfir vatnsveitumál svæðisins.

6. Vallargata 17 - umsókn um byggingarleyfi - viðbygging - 1904017

Eigandi Vallargötu 17 sækir um byggingarleyfi vegna viðbyggingar skv. meðfylgjandi gögnum. Samþykki nágranna fylgir erindinu.

Samþykkt. Byggingarfulltrúa falið að gefa út byggingarleyfi vegna framkvæmdanna.

7. Norðurgata 24 - bygging bílgeymslu - fyrirspurn - 1903079

Eigandi Norðurgötu 24 leggur fram fyrirspurn hvort heimilað yrði að byggja bílgeymslu á lóð skv. meðfylgjandi hugmyndum.

Ráðið tekur jákvætt í erindið. Skipulagsfulltrúa falið að grendarkynna málið.

8. Strandgata 8 - umsókn um stöðuleyfi - 1903061

AG Seafood óskar eftir stöðuleyfi á lóð sinni við Strandgötu 6-8 fyrir tvo gáma til að leysa tímabundna þörf til að auka frystigetu fyrirtækisins.

Samþykkt að heimila skipulagsfulltrúa að veita stöðuleyfi til eins árs.

9. Umhverfisdagar í Suðurnesjabæ - 1904040

Tillaga að fyrirkomulagi umhverfisdaga 2019 lögð fram til umræðu.

Umhverfisfulltrúa falið að útfæra tillögu í samræmi við umræður á fundinum.

10. Aðgerðaráætlun gegn hávaða - drög - ósk um umsögn - 1903086

Drög að aðgerðaráætlun ISAVIA, Vegagerðarinnar og Reykjanesbæjar gegn hávaða lögð fram til umsagnar.

Ráðir gerir ekki athugasemdir við fyrirbyggjandi drög og lýsir yfir ánægju með þær aðgerðir sem þar eru kynntar.

11. Vargveiði í Suðurnesjabæ - 1904041

Tillaga að reglum um minka- og refaveiði lagðar fram til umfjöllunar.

Ráðið leggur til við bæjarstjórn að reglurnar verði samþykktar.

12. Suðurnesjabær - Framkvæmdir 2019 - 1902074

Minnisblað um fund með Vegagerðinni lagt fram.

Minnisblað um stöðu verkefna á framkvæmdaráætlun lagt fram.

Lagt fram til kynningar.

13. Landamál - Sandgerðisjörð, eignarhald - 1903072

Tillaga að skiptingu lóða í blönduðu eignarhaldi milli Suðurnesjabæjar og Fiskiðjunnar/Garðs lögð fram til kynningar.

Lagt fram til kynningar.

14. Landsskipulagsstefna - 1903050

Lýsing fyrir gerð landsskipulagsstefnu lögð fram til kynningar.

15. Persónuverndarstefna Suðurnesjabæjar - 1809116

Nýsamþykkt persónuverndarstefna Suðurnesjabæjar lögð fram til kynningar.

Lagt fram til kynningar.

Fundi slitið kl. 19:00.

Einar Jón Pálsson

Kristinn Halldórsson

Laufey Erlendsdóttir

Davíð Ásgeirsson

Jón Sigurðsson

Björn Ingvar Björnsson
